



UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ & ÞRÓUNARSAMVINNUSTOFNUN ÍSLANDS

# JAFNRÉTTISSTEFNA

Á SVIÐI ALÞJÓÐLEGRAR ÞRÓUNARSAMVINNU ÍSLANDS



*Hver einstaklingur á rétt á því að búa við réttindi, tækifæri og virðingu til jafns við aðra.*

## EFNISYFIRLIT

Inngangur .....	3
Íslenskur og alþjóðlegur lagagrundvöllur .....	4
Þróunarsamvinna Íslands og jafnrétti kynjanna .....	5
Áherslusvið .....	6
Menntun .....	6
Heilbrigði .....	6
Auðlindir og umhverfi .....	7
Konur, friður og öryggi .....	8
Árangur og eftirfylgni .....	9
Greining á tvíhliða framlögum til þróunarsamvinnu .....	9
Eftirlit með jafnréttisstarfi alþjóðastofnana .....	10
Árangursrýni og árangursúttektir þssí .....	10
Eftirlit með jafnréttisstarfi félagasamtaka .....	10
Hugtakalisti .....	11



### Útgefendur

Útanríkisráðuneytið  
[www.utanrikisraduneyti.is](http://www.utanrikisraduneyti.is)  
 Þróunarsamvinnustofnun Íslands  
[www.iceida.is](http://www.iceida.is)

### Ljósmyndir

Forsíða: Gunnar Salvarsson  
 Arnar Þór Þórisson, Shehzad Noorani  
 (UNICEF), Michele Siblioni  
 (UNICEF) og Stuart Price (UN)

### Hönnun og umbrot

Fínína

ISBN: 978-9979-9653-9-8

© 2013, Útanríkisráðuneytið

## INNGANGUR

*Hver einstaklingur á rétt á því að búa við réttindi, tækifæri og virðingu til jafns við aðra, og er kveðið á um þau réttindi í Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna sem samþykkt var á Allsherjarþingi SP hinn 10. desember árið 1948<sup>1</sup>.*

Kynbundið misrétti viðgengst þó víða og konur, sérstaklega í fátækari hlutum heims, lifa við víðtækan ójöfnuð og mismunun. Þær standa höllum fæti miðað við karla í félagslegu og efnahagslegu tilliti og gegna síður en karlar valdastöðum í samfélaginu. Í fátækari löndum heimsins er staða kvenna gjarnan verri en kynsystra þeirra í ríkari hlutum hans. Af þeim sem búa við fátækt í heiminum eru konur og stúlkur í miklum meirihluta<sup>2</sup>.

Jafnrétti kynjanna er forgangsmál í íslenskri þróunarsamvinnu og sérstakt markmið í **Þingsályktun um áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2013–2016**, hér eftir nefnd þróunarsamvinnuáætlun. Þessi forgangsröðun byggist á þeirri sannfæringu að kynjajafnrétti sé mannréttindamál en jafnrétti er einmitt eitt af megingildum mannréttindahugtaksins. Þá liggur fyrir að í samfélögum þar sem jafnréttisbaráttan hefur náð mestum árangri eru félagsleg og efnahagsleg réttindi almennings meiri en annars staðar.

Jafnréttissýn íslenskrar þróunarsamvinnu byggist einnig á því að jafnrétti kynjanna sé forsenda fyrir framförum og þróun. Kynjajafnrétti er því ekki aðeins mikilvægt þróunarmarkmið í sjálfu sér heldur styður það við efnahagsþróun og þar með má færa rök fyrir því að í því sé fölginn skynsamleg hagstjórnarstefna. Rannsóknir sýna að valdefling kvenna og kynjajafnrétti stuðla að aukinni framleiðni í samfélaginu, efla stofnanir þess og bæta forsendur næstu kynslóðar. Þótt hagvöxtur og auknar tekjur dragi ekki sjálfkrafa úr kynjamisrétti á öllum sviðum, dregur gjarnan úr ójöfnuði milli kvenna og karla á grundvelli þess að hagkerfið og stofnanir samfélagsins, bæði formlegar og óformlegar, dafna og eflast. Þetta hefur áhrif á ákvarðanir sem teknar eru á samfélagslegum vettvangi og inni á heimilunum, sem styrkja stöðu kvenna og draga úr kynbundnu misrétti, t.d. með tilliti til menntunar stúlkna og drengja og þátttöku kvenna í stjórnmálum og á vinnumarkaði. Slík þróun getur einnig haft þau áhrif að tækifæri karla til þátttöku í heimilisstörfum og barnaumönnun aukast<sup>3</sup>.

### Þátttaka karla og drengja

Kynjajafnrétti felur í sér að staða kvenna og karla í samfélaginu sé jöfn og að bæði kynin njóti sömu tækifæra og réttinda. Mikilvægt er að drengir og karlmenn ekki síður en stúlkur og konur hugsi um og ögri viðteknum venjum um hlutverk og stöðu beggja kynja. Jafnframt er víða þörf fyrir almenna vitundarvakningu um að þátttaka kvenna á öllum sviðum samfélagsins eykur velsæld og er ekki á kostnað karla.



1. 1948. Mannréttindayfirlýsing SP

2. SP - Women at a Glance.

3. Human Development Report 2011, World Development Report 2012, FAO 2010-11: Women in Agriculture: Closing the Gender Gap for Development.

# ÍSLENSKUR OG ALÞJÓÐLEGUR LAGAGRUNDVÖLLUR

*Jafnrétti kynjanna eru grundvallarmannréttindi sem almenn sátt ríkir um í íslensku samfélagi. Í íslensku stjórnarskránni er jöfn staða kynjanna staðfest og byggja íslensk lög á þeirri meginreglu að allar manneskjur séu jafnar, óháð kyni. Lög 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla undirstrika enn fremur að á Íslandi skuli markvisst og á kerfisbundinn hátt stuðla að og viðhalda kynjajafnrétti.*

Íslendingar hafa fullgilt alla helstu alþjóðlega samninga og sáttmála er sérstaklega varða jafnrétti kynjanna og réttindi kvenna. Þar má helst nefna Kvennasáttmála SP en hann var gerður árið 1979 í kjölfar fyrstu ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um málefni kvenna sem haldin var í Mexíkó árið 1975. Kvennasáttmáli SP<sup>4</sup> er yfirgripsmikill milliríkjasáttmáli um mannréttindi kvenna. Í honum felst viðurkenning á að forsenda fyrir framförum í mannréttindamálum og auknu kynjajafnrétti sé að gera þau hluta af þróunarstarfi. Önnur tímamót í alþjóðlegri samvinnu um jafnréttismál urðu með fjórðu ráðstefnu SP um málefni

## ÞÚSALDARMARKMIÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA



kvenna sem haldin var í Beijing í Kína árið 1995 þar sem aðgerðaáætlun um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna var samþykkt (Beijing Platform for Action). Þá urðu jafnframt þáttaskil á alþjóðlegu ráðstefnunni í Kaíró árið 1994 um mannfjölda- og þróunarmál<sup>5</sup> þar sem mikilvægi kyn- og fjósemisheilbrigðis og -réttinda var áréttað í aðgerðaáætlun.

Árið 2000 samþykkti Allsherjarþing SP Þúsaldaryfirlýsinguna og þau átta Þúsaldarmarkmið sem á henni byggja og eiga að nást fyrir 2015. Síðan þá hafa Þúsaldarmarkmiðin verið stefnumótandi um alþjóðlega þróunarsamvinnu. Markmiðin hafa jafnrétti að leiðarljósi og tvö þeirra beinast sérstaklega að kynjajafnrétti og málefnum kvenna. Þriðja þúsaldarmarkmiðið snýr að jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna og það fimmta að heilsu mæðra og þungaðra kvenna. Þá hefur fyrsta markmiðið, sem beinist almennt gegn fátækt og hungri, verið endurskoðað og aukin áhersla þar lögð á kynjajafnrétti. Almenn er litið á kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna sem forsendur þess að Þúsaldarmarkmiðin náist.

Þúsaldarmarkmiðin eru grunnviðmið í þróunarsamvinnu Íslands og í þróunarsamvinnuáætlun er kveðið á um að með þróunarstarfi sé stuðlað að framgangi þeirra.

## Íslensk utanríkisþjónusta og jafnrétti kynjanna

Jafnrétti kynjanna er eitt af helstu áhersluatriðum ríkisstjórnarinnar og skipar baráttan fyrir auknum réttindum kvenna og kynjajafnrétti mikilvægan sess í alþjóðastarfi Íslands á sviði mannréttinda.

Síðustu ár hefur aukinn þungi verið lagður á jafnréttismál í utanríkisstefnu Íslands. Einkum hefur valdeflingu kvenna verið gefinn sérstakur gaumur og mikilvægi þess að konur taki þátt í ákvarðanatöku, t.d. hvað varðar friðarviðræður og uppbyggingu eftir stríð, sem og loftslagsbreytingar.

Í starfsemi utanríkisþjónustunnar er það meginregla að starfs- menn leiti leiða til að vinna að framgangi jafnréttismála. Utanríkisþjónustan vinnur að framgangi jafnréttismála bæði á tvíhliða vettvangi og fjölþjóðlegum, til að mynda á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og stofnana þeirra, sem og Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE), Atlantshafsbandalagsins, Evrópuráðsins og Alþjóðabankans.

4. Convention on the Elimination of All Forms of Discrimination against Women – CEDAW.

5. International Conference on Population and Development.



# ÞRÓUNARSAMVINNA ÍSLANDS OG JAFNRÉTTI KYNJANNA

*Í þróunarsamvinnuáætlun er áréttað mikilvægi þess að bæði kynin hafi jöfn tækifæri til áhrifa, þátttöku og ábata af verkefnum sem Ísland styður. Lögð er áhersla á að jafnrétti kynjanna og valdefling kvenna sé bæði þverlægt og sértækt markmið.*

Einkum er unnið að jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna í þróunarsamvinnu Íslands með tvennum hætti, með samþættingu og með sértækum aðgerðum. Samþætting kynjasjónarmiða er höfð að leiðarljósi í öllu opinberu þróunarstarfi. Jafnrétti kynjanna er þverlægt málefni sem þýðir að öll verkefni og allt samstarf sem Ísland kemur að í þróunarsamvinnu er skoðað á forsendum kynjajafnréttis. Greint er hvaða þýðingu aðgerðirnar hafa fyrir kynin og með markvissum hætti stuðlað að aðkomu beggja kynja að ákvarðanatöku og framkvæmd. Þetta á bæði við um þá sem koma að undirbúningi og þá sem taka þátt í og eru haghafar aðgerða þróunarsamstarfs. Samþætting kynjasjónarmiða er langtímaferli og beinist að stjórnsýslu og ákvarðanatöku í samfélaginu. Stórir hópar kvenna í þróunarríkjum búa við mikinn ójöfnuð og mannréttindabrot. Þess vegna styður Ísland einnig sérstök verkefni, sjóði og stofnanir, sem hafa það að meginmarkmiði að stuðla að auknu kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna.



# ÁHERSLUSVIÐ

*Í jafnréttisstefnu Íslands á sviði þróunarsamvinnu er lögð áhersla á fjögur svið. Gengið er út frá því að aðgangur kvenna og karla að almannajónustu, efnahagslegum tækifærum, auðlindum og valdi sé í mörgum tilvikum ójafn. Valdefling kvenna er talin forsenda fyrir efnahags- og félagslegri þróun og bættum lífskjörum þeirra sem búa við fátækt og skert mannréttindi.*

## Áherslusvið jafnréttisstefnu Íslands

**MENNTUN**

**HEILBRIGÐI**

**AUÐLINDIR  
OG UMHVERFI**

**KONUR, FRÍÐUR  
OG ÖRYGGI**

Ekki er síst mikilvægt að gæta kynjasjónarmiða og huga að stöðu kvenna á áttaksvæðum, þar sem unnið er að friðaruppbyggingu eða þar sem neyðarástand hefur skapast, t.d. í kjölfar náttúruhamfara. Jafnréttisstefnan á því við um allt starf íslenskra stjórnvalda á þessu sviði, hvort heldur er um að ræða tvíhliða eða fjölþjóðlega þróunarsamvinnu, störf í þágu friðar eða neyðar- og mannúaðarastöð.

### Menntun

Jafn réttur drengja og stúlkna, kvenna og karla til menntunar eru grundvallarmannréttindi og eitt af Þúsaldarmarkmiðunum tekur sérstaklega til þessa málaflokks en þar skuldbinda þjóðir heims sig til að vinna að því að ná kynjajafnvægi í grunnmenntun og kynjajafnrétti á öllum skólastigum. Menntun er árangursrík leið til að draga úr fátækt og stuðla að þróun samfélaga en jafnframt til að draga úr misrétti í samfélaginu. Sérstök áhersla á menntun stúlkna og kvenna skiptir miklu máli. Menntun veitir þeim aðgang að mikilvægri þekkingu, gerir þeim kleift að bæta lífskjör sín og greiðir fyrir aðgangi þeirra að stofnunum samfélagsins og formlegri ákvarðanatöku.

Menntun kvenna og stúlkna hefur margfeldisáhrif. Menntaðar stúlkur eru líklegri til að ganga seinna í hjónaband og eiga færri börn, sem aftur eru líklegri til að lifa af, búa við betra heilsufar og ganga menntaveginum. Þær hafa að sama skapi betri tækni á að standa vörð um réttindi sín og til að hafa áhrif í samfélaginu. Mikill meirihluti þeirra barna sem ekki sækja

skóla eru stúlkur og tveir þriðju hlutar ólæsra eru konur<sup>6</sup>. Því er sérstök ástæða til að leggja áherslu á menntun stúlkna og kvenna.

Íslensk stjórnvöld vilja stuðla að því að stúlkur og drengir njóti menntunar og að ólæsir fái tækifæri til að læra að lesa og skrifa og afla sér hagnýtrar menntunar. Í því skyni veitir Ísland framlög til alþjóðastofnana og verkefna á þeirra vegum auk þess sem ÞSSÍ leggur áherslu á stuðning við menntun barna og fullorðinna í samstarfslöndum sínum þar sem gæði og aðgengi eru höfð að leiðarljósi.

### Heilbrigði

Almennt heilbrigði þjóða er undirstaða þróunar og framfara og sérhver einstaklingur á rétt á að hafa aðgang að grunnheilbrigðisþjónustu. Kynbundin mismunun í tengslum við orsakir og afleiðingar sjúkdóma er útbreidd. Lægri félagsstaða kvenna en karla og meiri fátækt ásamt ýmsum menningarbundnum þáttum, t.d. höftum á ferðafrelsi, hamlar aðgengi þeirra að heilbrigðisþjónustu.

## Kynjajafnrétti eru grundvallarmannréttindi

Víðast hvar hafa konur minna sjálfræði, færri bjargráð og minna vald til að taka ákvarðanir sem hafa áhrif á líf þeirra og samfélag. Mikilvægt er að taka tillit til mismunandi menningar, en nota ekki hefðir sem afsökun fyrir kúgun kvenna og fjarveru þeirra frá valdinu.



6. SD - Women at a Glance.

## ÁHERSLUSVIÐ

Hið sérstaka hlutverk kvenna að ganga með og ala börn kallar á sértæka heilsuvernd. Tvö Þúsaldarmarkmiðanna beinast að þessu, það fjórða miðar að því að draga úr barnadauða og það fimmta að bæta heilsu kvenna á meðgöngu og við fæðingu. Í flestum fátækum ríkjum hallar á konur hvað varðar lífslíkur og heilbrigði samanborið við karla<sup>7</sup> og fimmta Þúsaldarmarkmiðið er það markmið sem hefur gengið hvað hægst að ná.

Sú hætta sem stöðjar að lífi þungaðra kvenna í mörgum fátækum ríkjum má einkum rekja til ófullnægjandi aðstæðna og skorts á menntuðu heilbrigðisstarfsfólki. Ungar mæður eru sérstakur áhættuhópur og fylgikvillar þungunar eru ein megin-dánarorsök unglingsstúlkna í fátækari hluta heimsins<sup>8</sup>. Skortur á aðgangi að getnaðarvörnum, óöruggar og ólöglegar fóstureyðingar, alnæmi og kynbundið ofbeldi eru jafnframt mikil heilsufarsleg ógn fyrir konur.

Aðgengi að fersku og ómengduðu vatni er undirstaða lífs og velferðar og heilnæmt vatn er ein mikilvægasta vörnin gegn sjúkdómum. Stórir hópar mannkyns hafa hvorki aðgang að hreinu neysluvatni né búa við viðunandi frárennslis- og hreinlætisáðstöðu. Verst er ástandið í sveitum Afríku sunnan Sahara. Sjöunda Þúsaldarmarkmiðið, liður C, tekur til þessa málefnis. Víða í þróunarríkjum eru konur ábyrgar fyrir vatnsöflun og hreinlæti á heimilinu. Vatnsöflun er bæði tímafrek og slítandi vinna. Umbætur á þessu sviði eru konum til hagsbóta og stuðla að betra heilsufari. Þá dregur úr álagi á konur og ráðrúm eykst til að afla tekna og fyrir stúlkur að ganga í skóla.

Íslensk stjórnvöld vilja stuðla að almennu bættu heilsufari þeirra sem búa við fátækt og leggja sérstaka áherslu á kyn- og fjjösemisheilbrigði og -réttindi kvenna. Í því skyni mun Ísland veita framlög



til alþjóðastofnana og verkefna á þeirra vegum sem sérstaklega er ætlað að auka kyn- og fjjösemisheilbrigði og -réttindi. Auk þess mun ÞSSÍ leggja sérstaka áherslu á mæðra- og ungbarnaheilsu í þeim staðbundnu heilbrigðisverkefnum sem stofnunin styður. Jafnframt mun stofnunin beita sér fyrir samstarfsverkefnum sem bæta aðgengi að vatni og auka vatnsgæði og hreinlæti.

### Auðlindir og umhverfi

Sjálfbær nýting auðlinda er ein af grunnforsendum efnahagslegrar uppbyggingar í þróunarlöndum. Tvö Þúsaldarmarkmiðanna snúa að auðlinda- og umhverfismálum, það fyrsta að fæðuöryggi og það sjöunda að sjálfbærri þróun. Auðlindamál eru jafnframt áherslusvið í þróunarsamvinnuáætlun, með sérstakt vægi á fiski- og orkumál.

Fiskimál eru mikilvæg fyrir afkomu margra íbúa þróunarlanda. Bætt nýting fiskistofna og bætt meðferð afla, ásamt auknu framboði fiskafurða úr fiskeldi, eykur fæðuöryggi í viðkomandi samfélögum. Störfín í fiskigeiranum eru í mörgum tilvikum kynbundin. Algengt er að karlar stundi fiskveiðar á meðan

konur sjá gjarnan um ýmis landbundin störf innan geirans. Stuðningur við þennan málaflokk hefur löngum beinst sérstaklega að þeim armi fiskigeirans sem snýr að körlum á meðan störf kvenna og hagsmunir þeirra hafa fengið takmarkaða athygli. Við skipulag þróunarverkefna á sviði fiskimála þarf að huga sérstaklega að þessu og haga því þannig að bæði kynin fái tækifæri til að nýta sér nýja möguleika og bæta afkomu sína.

Á fjölþjóðlegum vettvangi leggja íslensk stjórnvöld ríka áherslu á að kynjajafnrétti sé haft að leiðarljósi þegar hugað er að verkefnum á sviði fiskimála og ákvarðanir um fjármögnun teknar. ÞSSÍ hefur jafnframt að markmiði að samþætta kynjasjónarmið í samstarfsverkefni á sviði fiskimála og beita sértækum aðgerðum í þágu kynjajafnréttis á sviði fiskimála. ÞSSÍ mun jafnframt hvetja stjórnvöld samstarfsríkja sinna til að takast á við umhverfisáhrif fiskveiða, fiskeldis og annarra fiskimála.

Orkumál eru annað áherslusvið Íslands, en meira en fimmtungur íbúa heimsins hefur ekki aðgang að rafmagnni. Notkun lífmassa til upphitunar og matseldar er algengur, en um eina milljón dauðsfalla á ári má rekja til mengunar af þeim völdum<sup>9</sup>.

7. SD - MDG monitor.

8. [who.int/mediacentre/factsheets/fs334/en/](http://who.int/mediacentre/factsheets/fs334/en/)

9. Sameinuðu þjóðirnar (2010). Sustainable Energy for All 2030.



## ÁHERSLUSVIÐ

Þar sem konur sjá jafnan um matseld og eru mikið heimavið ásamt börnum sínum, eru þær í sérstökum áhættuhópi hvað varðar loftmengun<sup>10</sup>. Nýting jarðhita getur bætt lífsskilyrði umtalsvert í þróunarlöndum, bæði með auknum aðgangi að orku og vegna minni mengunar en stafar af þeirri orkunotkun sem fyrir er. Jarðhitanýting skapar ný tækifæri til menntunar og atvinnu, t.d. til matvælaframleiðslu og stuðlar þar með að auknu fæðuöryggi. Þá er ótalið það öryggi sem fæst með bættri lýsingu. Aukinn aðgangur að hreinni orku er því forgangsmál fyrir heilbrigði og efnahagslega þróun í fátækum ríkjum.

Afleiðingar loftslagsbreytinga eru ekki þær sömu fyrir karla og konur. Reynsla þeirra, þekking og sérkunnátta er ólík. Þrátt fyrir að skilja eftir sig minna vistspor en karlar, er það oft að stórum hluta á herðum kvenna að glíma við erfiðar afleiðingar loftslagsbreytinga. Breytingar á loftslagi hafa gríðarleg áhrif á atvinnuvegi kvenna ekki síður en karla ásamt því sem heimilisstörf og dagleg barátta fyrir lífsviðurværi verða sífellt erfiðari. Áhrif loftslagsbreytinga ógna fæðuöryggi, heilsu og afkomu þjóða.

Íslensk stjórnvöld vilja beita sér fyrir að atvinnuskapandi aðgerðir beinist að báðum kynjum. Enn fremur beita þau sér fyrir því að bæði karlar og konur komi að ákvarðanatöku og stefnumótun í umhverfis-, auðlinda- og loftslagsmálum og að jafnrétti kynjanna og valdefling kvenna sé fléttad inn í alla þætti þróunarverkefna. ÞSSÍ mun jafnramt beita sér fyrir því að tengja kynjasjónarmið við sjálfbæra nýtingu orku í samstarfsríkjum sínum.

### Konur, friður og öryggi

Kynbundið og kynferðislegt ofbeldi er iðulega notað sem vopn í átökum. Konur og stúlkur eru oft berskjaldaðar í slíkum aðstæðum, reynsla þeirra og viðhorf heyrast sjaldan og í mörgum tilvikum er

ekki brugðist við þörfum þeirra. Fjöldi kvenna neyðist enn fremur til að flýja heimili sín, en milli 75 og 80% flóttamanna eru konur<sup>11</sup>. Konur eru þó ekki aðeins fórnarlömb vopnaðra átaka, heldur einnig þátttakendur. Ekki síst gegna þær mikilvægu hlutverki í friðarferli, uppbyggingu samfélaga eftir að átökum lýkur og aðstoð við fórnarlömb kynferðisofbeldis.

Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna hefur samþykkt fimm ályktanir um konur, frið og öryggi sem hvetja öryggisráðið, framkvæmdastjóra SP og aðildarríki til þess að tryggja þátttöku kvenna í friðarferlum og -uppbyggingu, koma í veg fyrir og verja konur gegn kynferðislegu ofbeldi í stríðsátökum og koma réttindum kvenna á framfæri, sérstaklega á áttakavæðum. Ályktun 1325<sup>12</sup> (2000) markaði tímamót í sögu ráðsins þar sem þetta var í fyrsta skipti sem ráðið fjallaði um mikilvægi þátttöku kvenna í friðarumleitunum og vinnu við lausn átaka. Í ályktuninni er þess krafist að réttindi kvenna og stúlkna séu virt og að sérstaklega sé hugað að þörfum kvenna þar sem ófriður ríkir. Í ályktuninni er lögð áhersla á að konur gegni veigamiklu hlutverki við að stuðla að friði og öryggi á alþjóðavettvangi. Öryggisráðið hefur síðan samþykkt fjórar ályktanir sem styrkja framkvæmd ályktunar 1325. Ísland var á meðal fyrstu ríkja sem mótuðu áætlun um framkvæmd ályktunar 1325 (2008), en síðan þá hefur hún verið endurskoðuð og ný áætlun gefin út.

Íslensk stjórnvöld vilja vernda réttindi kvenna á áttakavæðum og við óstöðugar aðstæður og auka aðgang þeirra að formlegu starfi við friðaruppbyggingu. Vernd gegn kynferðislegu ofbeldi og stuðningur við fórnarlömb ofbeldis er að sama skapi mikilvægur þáttur í starfi Íslands á áttakavæðum. Ísland leggur því ríka áherslu á framkvæmd ályktunar Öryggisráðs SP nr. 1325 um konur, frið og öryggi í öllu starfi í þágu friðar.

### Ályktanir Öryggisráðs SP um konur, frið og öryggi

Ályktun 1325 (2000) fjallar um mikilvægi þátttöku kvenna í að koma á friði og vinna að lausn átaka. Ályktun 1820 (2008) leggur sérstaka áherslu á að komið verði í veg fyrir og refsað fyrir kynferðislegt ofbeldi í vopnuðum átökum. Ályktun 1888 (2009) skerpir á skyldum friðargæslusveita að vernda sérstaklega konur og stúlkur gegn kynbundnu ofbeldi og með ályktun 1889 (2009) er áréttað mikilvægi þess að konur komi að friðaruppbyggingu að stríðsátökum loknum. Með nýjustu ályktuninni nr. 1960 (2010) er svo áréttað að efla beri aðgerðir gegn kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi. Draga beri þá seku fyrir dómstóla, birta eigi nöfn þeirra sem gerast sekir um slíka glæpi og að refsileysi verði ekki liðið.



10. WHO. Indoor Air Pollution – Fact Sheet. September 2011.

11. Women at a glance – SP.

12. Þegar vísað er í ályktun 1325, er jafnframt átt við ályktanir 1820, 1888, 1889 og 1960 um konur, frið og öryggi.



## ÁRANGUR OG EFTIRFYLGNI

*Nauðsynlegt er að fylgja eftir áætlunum og styðja við framgang þróunarverkefna til að árangur náist í þróunarsamvinnu. Í þróunarsamvinnuáætlun er áhersla lögð á að allir þættir þróunarstarfsins, stjórnun, verklag og aðferðafræði, stuðli að því að árangur þróunarsamvinnu verði sem mestur. Aukið kynjajafnrétti og valdefling kvenna eru órjúfangelgur hluti af árangursríkri þróunarsamvinnu og mikilvægar forsendur þess að Þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna um þróun náist. Því er mikilvægt að framkvæmd jafnréttisstefnunnar sé fylgt markvisst eftir.*

Gildistími jafnréttisstefnunnar eru fjögur ár, frá 2013–2016. Hún skal þó endurskoðuð á miðju tímabilinu (2015) og mat lagt á hvort breytinga sé þörf. Í kjölfarið skal gefin út endurskoðuð jafnréttisstefna á sviði alþjóðlegrar þróunarsamvinnu Íslands

### Greining á tvíhliða framlögum til þróunarsamvinnu

Greining á tvíhliða framlögum til þróunarsamvinnu (þ.e. öll verkefni ÞSSÍ auk eyrnamerktra framlaga til alþjóðastofnana og verkefna á vegum félagasamtaka) með aðferðafræði Þróunarsamvinnunefndar Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD/DAC) veitir yfirsýn yfir það hvort framlögum Íslands sé ætlað að hafa áhrif á jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna. Um er að ræða svokallaða kynjajafnréttisstíku (the Gender Equality Policy Marker) sem hefur þann tilgang að finna út hvort, og hversu mikil (væntanleg) áhrif tiltekin verkefni hafa á jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna. Með kynjajafnréttisstíkunni eru verkefni greind og flokkuð eftir ætluðum áhrifum þeirra á jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna. Flokkarnir eru þrír:

- Verkefni sem hafa jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna að **meginmarkmiði** (Principal Objective)
- Verkefni sem stuðla á **marktækan hátt** að jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna (Significant Objective)
- Verkefni sem **ekki hafa að geyma markmið** um jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna (Not targeted to the policy objective)



Frá og með 2011 hafa öll tvíhliða framlög Íslands til þróunarsamvinnu verið greind með fyrrnefndum hætti og er greiningin nýtt þegar teknar eru ákvarðanir um framlög. Rétt er þó að benda á að kynjajafnréttisstíkan gefur aðeins til kynna áform, þ.e. hvaða verkefnum er ætlað að stuðla að jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna, en ekki hvernig innleiðing og árangur þeirra er á vettvangi. Árangur á vettvangi þarf að greina með annars konar hætti. Í þróunarsamvinnuáætlun er kveðið á um að í úttektum á þróunarverkefnum verði sérstakt mat lagt á samþættingu kynjajafnréttismála. Með slíkri áherslu í úttektum er hægt að meta hvort stefna íslenskra stjórnvalda á sviði kynjajafnréttismála skili árangri á vettvangi.

## ÁRANGUR OG EFTIRFYLGNI

Þá skal á árinu 2013 hefja beitingu kynjaðrar hagstjórnar við fjárhags-áætlunargerð í tvíhliða þróunarstarfi á vegum ÞSSÍ. Í þeirri aðferðafræði felst að kynjasjónarmið eru höfð að leiðarljósi á öllum stigum fjárhagsáætlunargerðar og tekjur og útgjöld eru endurskipulögð í þeim tilgangi að stuðla að jafnrétti kynjanna. Aðferðafræðin er í þróun og verða afmörkuð verkefni valin til að byrja með.

### Eftirlit með jafnréttisstarfi alþjóðastofnana

Þær alþjóðastofnanir sem starfa að þróunarmálum og Ísland veitir framlög til eru ólíkar og áherslumálin margvísleg. Kynjajafnrétti og valdefling kvenna er hjá sumum þeirra meginmarkmið starfsins, meðan aðrar leggja áherslu á aðra málaflokka og vinna að auknu jafnrétti með samþættingu kynjasjónarmiða. Það er á ábyrgð utanríkisráðuneytisins að fylgjast með framvindu þeirra verkefna sem veitt eru framlög til og veita alþjóðastofnunum aðhald í samvinnu við aðrar þjóðir. Mikilvægt er að sérstaklega sé fylgst með því hvernig stofnanirnar vinna að jafnrétti kynjanna og framkvæmd jafnréttisstefna og -áætlana og að slíkt sé gert með kerfisbundnum hætti. Utanríkisráðuneytið skal því fylgjast með reglulegum úttektum á alþjóðastofnunum með tilliti til jafnréttis kynjanna og veita því eftirfylgni að stofnanir bregðist við ábendingum sem fram kunna að koma. Jafnframt ber ráðuneytinu að hafa yfirsýn yfir einstök verkefni á vegum alþjóðastofnana sem Ísland veitir framlög til og að þess sé gætt að kynjasjónarmið séu ávallt höfð að leiðarljósi.

### Árangursrýni og árangursúttektir þssí

Mat á framkvæmd jafnréttisstefnu er hluti af almennri gæðastefnu ÞSSÍ. Í því felst að reglulega er fylgst með því hvort framkvæmd er í samræmi við áform. Þau verkefni sem stofnunin styður skulu hafa skýr og mælanleg markmið á sviði kynjajafnréttis og gert er ráð fyrir að þau séu vöktuð og mat lagt á árangur með kerfisbundnum hætti. Söfnun, greining og úrvinnsla kyngreinanlegra upplýsinga er forsenda slíkrar eftirfylgni.

Innra eftirlit á sér stað með reglubundnum hætti og er það framkvæmt af starfsmönnum stofnunarinnar og samstarfsaðilum þeirra og gerð grein fyrir því í framvinduskýrslum. Þá er gert ráð fyrir ytra eftirliti sem unnið er af sérhæfðum utanaðkomandi aðilum. Annars vegar er um að ræða árangursrýni sem fer fram á framkvæmdatíma (t.d. á tveggja til þriggja

ára fresti). Hins vegar eru gerðar formlegar árangursúttektir undir lok verkefnis eða verkefnisáfangs. Sérstakar rýniskýrslur um árangur jafnréttismarkmiða eru eftir atvikum framkvæmdar.

Allar rýniskýrslur og úttektir skulu unnar í samræmi við viðurkenndar reglur, staðla og tilmæli. Niðurstöður rýni- og árangursúttekta skulu gerðar almenningi aðgengilegar.

### Eftirlit með jafnréttisstarfi félagasamtaka

Í verklagsreglum um úthlutanir styrkja til félagasamtaka er skýrt kveðið á um að tekið sé tillit til kynjasjónarmiða í öllum verkefnum sem hljóta styrki. Jafnframt er gerð krafa um að félagasamtökin hafi lýðræði, mannréttindi og kynjajafnrétti að leiðarljósi í starfi sínu á vettvangi. Nánar er kveðið á um eftirlit með framkvæmd og meðferð fjármuna í verklagsreglunum<sup>13</sup>.



13. Verklagsreglur um samstarf utanríkisráðuneytisins og Þróunarsamvinnustofnunar Íslands við frjáls félagasamtök sem starfa að þróunarsamvinnu, mannúðarstörfum og neyðaraðstoð á alþjóðavettvangi frá 2012.

# HUGTAKALISTI

## Kynblinda

(e. Gender blindness)

Undir merkjum kynhlutleysis er oft litið framhjá sértækum þörfum og reynslu karla og kvenna. Hlutlaus ákvæði hafa oft verri afleiðingar fyrir annað kynið. Því er nauðsynlegt að hafa kynjasjónarmið í huga við alla ákvarðanatöku.

## Kyngervi

(e. Gender)

Hugmyndir um félagslegan mun kvenna og karla og tengsl kynjanna sem eru lærðar, breytilegar í tíma og mismunandi innan og milli samfélaga og menningarhópa. Þessar hugmyndir mótast af félagslegu umhverfi og lærast í gegnum félagsmótunarferla. Þær ákvarða hvað er álitid viðeigandi fyrir einstaklinga af hvoru kyni. Þær eru háðar samhengi og breytanlegar.

## Kynjajafnrétti

(e. Gender equality)

Jöfn staða, tækifæri og jafn réttur karla og kvenna í samfélaginu.

## Kynjajafnvægi

(e. Gender balance)

Jöfn hlutföll kynja í tilteknum störfum, t.d. nefndum og ráðum.

## Kynjuð hagstjórn og fjárlagagerð

(e. Gender responsive budgeting)

Aðferðum kynjasambættingar beitt við fjárhagsáætlunargerð. Í því felst að kynjasjónarmið eru höfð að leiðarljósi á öllum stigum fjárhagsáætlunargerðar og tekjur og útgjöld eru endurskipulögð í þeim tilgangi að stuðla að jafnrétti kynjanna.

## Samþætting kynjasjónarmiða

(e. Gender mainstreaming)

Sú skoðun að jafnréttismál séu mál samfélagsins í heild. Gert er ráð fyrir því að kynferði verði grundvallarforsenda við mótnun nýrrar stefnu eða við töku ákvarðana á opinberum vettvangi. Markmiðið er að sjónarhorni kynferðis sé fléttað inn í alla stefnumótun innan samfélagsins, hefðbundin hlutverk kynjanna endurskilgreind og bæði konum og körlum gert kleift að samþætta fjölskyldu- og atvinnulíf.

## Valdefling

(e. Empowerment)

Leið til að auka getu einstaklinga eða hópa til að taka ákvarðanir og til að ákvarðanir þeirra leiði til æskilegra aðgerða og niðurstaðna.







UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ